

Birtist í Morgunblaðinu, 13. janúar 2004.

Einföld leið til þess að draga úr hringamyndun

Jón Steinsson

Á undanförunum vikum hefur mikið verið rætt um aukna samþjöppun og hringamyndun í íslensku atvinnulífi. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau ætli að leyta leiða til þess að bregðast við þessari þróun. Af ummælum ráðherra að dæma virðist vera sem stjórnvöld undirbúi löggjöf sem með einhverjum hætti bannar víðtæk eignatengsl fyrirtækja á Íslandi.

Fjöldi rannsókna bendir til þess að víðtæk eignatengsl sem gera það að verkum að fáar stórar viðskiptasamsteypur ráða yfir stórum hluta atvinnulífsins hafi neikvæð áhrif á vöxt og viðgang atvinnulífsins. Samt sem áður er vert að hafa áhyggjur af því að löggjöf sem bannar víðtæk eignatengsl verði atvinnulífinu íþyngjanni og vinni meira ógagn en gagn þegar til lengri tíma er litið.

En boð og bönn eru ekki eina leiðin til þess að leysa upp fyrirtækjasamsteypur í íslensku atvinnulífi. Mun einfaldari og skynsamlegri leið til þess væri skattlagning arðgreiðslna milli fyrirtækja.

Fyrirtækjasamsteypur

Stórar fyrirtækjasamsteypur eru langt því frá séríslenskt fyrirbæri. Í langflestum ríkjum heims ráða nokkrar stórar fyrirtækjasamsteypur yfir stærstum hluta atvinnulífsins. Slíkar samsteypur eru ef til vill frægastar í Japan þar sem þær ganga undir heitingu *keiretsu*. Þær leika hins vegar litlu minna hlutverk í löndum eins og Þýskalandi, Ítalíu og Svíþjóð.

Hin dæmigerða fyrirtækjasamsteypa er píramídi. Efst er fyrirtæki í eigu fjölskyldu eða nokkurra einstaklinga. Þetta fyrirtæki á ráðandi hlut í nokkrum fyrirtækjum (51% til einföldunar). Þau fyrirtæki eiga síðan 51% í öðrum fyrirtækjum sem aftur eiga 51% í öðrum fyrirtækjum og þannig koll af kolli. Þannig myndast fyrirtækjakeðjur sem allar lúta stjórn fjölskyldunnar þótt fjölskyldan eigi ekki nema lítið brot í fyrirtækjum neðarlega í keðjunni.

Til þess að sjá þetta betur skulum við líta nánar á eina slíka keðju. Segjum að fjölskyldufyrirtækið eigi 51% í fyrirtæki A sem á 51% í fyrirtæki B sem á 51% í fyrirtæki C sem á 51% í fyrirtæki D. Þrátt fyrir að fjölskyldufyrirtækið eigi einungis 6.8% (51% í fjórða veldi) í fyrirtæki D getur það valið meirihluta stjórnarmanna og farið með öll völd í því fyrirtæki. (Af hverju: Fjölskyldufyrirtækið stjórnar fyrirtæki A sem stjórnar fyrirtæki B sem stjórnar fyrirtæki C sem stjórnar fyrirtæki D.) Með því að mynda fyrirtækjasamsteypur af þessum toga getur fjölskyldan margfaldað völd sín. Heildarverðmæti þeirra fyrirtækja sem fjölskyldan ræður yfir verður margfalt meira en auður fjölskyldunnar sjálfar.

Það segir sig sjálf að slík fjölskylda hefur sterka hvata til þess að arðræna smærri hluthafa í fyrirtækjum neðarlega í keðjunni. Fjölskyldan á mun meira í fyrirtækjum ofarlega í keðjunni en fyrirtækjum neðarlega í keðjunni. Hún hefur því hvata til þess að reyna með öllum ráðum að færa hagnað frá fyrirtækjum neðarlega í keðjunni til fyrirtækja ofar í keðjunni. Þetta getur hún gert með því að haga innbyrðis viðskiptum fyrirtækja í keðjunni þannig að hagnaður myndist ofarlega í keðjunni. En hún getur einnig gert þetta með því að láta fyrirtæki neðarlega í keðjunni ráðst í alls kyns aðgerðir sem er beinleinis ætlað að auka hagnað fyrirtækja ofarlega í keðjunni á kostnað fyrirtækja neðar í keðjunni. Hún gæti til dæmis notað fyrirtæki neðarlega í keðjunni til þess að kaupa upp samkeppnisaðila fyrirtækja ofar í keðjunni á uppsprengdu verði. Eða til þess að verja fyrirtæki ofar í keðjunni fyrir fjandsamlegri árás utanaðkomandi aðila.

Skattlagning arðgreiðslna milli fyrirtækja

Ef arðgreiðslur milli fyrirtækja eru skattlagðar, grefur það verulega undan hvatanum til þess að mynda fyrirtækjasamsteypur. Ástæða þessa er að það verður gríðarlega dýrt fyrir fjölskylduna að flytja arð upp keðjuna þar sem arðurinn er skattlagður aftur og aftur. Ef arðgreiðslur milli fyrirtækja í dæminu hér að ofan væru skattlagðar um 10% myndi samsteypan þurfa að greiða rúmar 50 kr. í skatta fyrir hverjar 100 kr. af arði sem skila sér frá fyrirtæki D alla leið upp til fjölskyldufyrirtækisins.

Ef málum væri svona háttáð myndi það ekki borga sig fyrir fjölskyldufyrirtækið að mynda samsteypu nema möguleikar þess til þess að nota fyrirtæki neðarlega í keðjunni til þess að auka hagnað fyrirtækja ofar í keðjunni væru mjög verulegir.

Bandaríkin eru nánast eina landið í heiminum sem leggur skatta á arðgreiðslur milli fyrirtækja. Slíkur skattur var lagður á af ríkisstjórn Franklin Roosevelt einmitt í þeim tilgangi að draga úr hringamyndun í bandarísku atvinnulífi. Það er alls engin tilviljun að Bandaríkin eru nánast eina landið í heiminum þar sem stórar fyrirtækjasamsteypur fyrirfinnast ekki.

Skattlagning arðgreiðslna milli fyrirtækja væri afskaplega einföld leið til þess að draga verulega úr hringamyndun í íslensku atvinnulífi. Hún hefur þann mikilvæga kost að hún íþyngir á engan hátt fyrirtækjum sem einungis stunda rekstur í því augnamiði að hámarka hagnað sinn. Hún íþyngir eingöngu fyrirtækjum sem til hliðar við sinn eiginlega rekstur standa í því að byggja upp fyrirtækjasamsteypur. Hún hefur einnig þann kost að fyrirtækjasamsteypurnar leysast upp af sjálfu sér í stað þess að Samkeppnisstofun og lögreglan þurfi að standa í stöðugum rannsóknum og málaferlum til þess að leysa þær upp með valdi.

Höfundur stundar doktorsnám í hagfræði við Harvard háskóla.